

Garðheimar Gróðurvörur ehf.  
Stekkjarbakka 6  
109 Reykjavík

Akureyri, 7. apríl 2022  
UST202203-174/H.Ö.J.  
07.07.02

## Niðurstaða eftirlits - Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum 2021 - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 14. mars 2022 þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir að Garðheimar Gróðurvörur ehf. gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem fyrirtækið setti á markað á árinu 2021 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af þessum vörum sem tollafgreiddar voru á árinu 2021. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið hefur uppfyllt skyldur skv. 20. gr. efnalaga nr. 61/2013 hvað þetta varðar. Að framansögðu telst málinu lokið.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar [<https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>].

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Helgu Ösp Jónsdóttur varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið [helga.jonsdottir@ust.is](mailto:helga.jonsdottir@ust.is) til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,  
*sérfræðingur*

Björn Gunnlaugsson,  
*sérfræðingur*

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla